

**Mál nr. 229/2018****M og  
váttryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A****Ágreiningur um greiðslu kostnaðar við sjúkraþjálfun vegna umferðarslyss 2.5.2015.****Gögn.**

Málskot móttakið 27.7.2018, ásamt fylgiskjöllum nr. 1-20.

Bréf V, dags. 10.8.2018.

**Málsatvik.**

M hlaut líkamstjón í umferðarslysi 2.5.2015 og var í meðferð hjá sjúkraþjálfara vegna slyssins. V greiddi bætur fyrir sjúkrakostnað í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Ákvörðun um bætur miðaðist við kostnað vegna sjúkraþjálfunar skv. gjaldskrá Sjúkratrygginga Íslands (SÍ), en ekki skv. taxta sjúkraþjálfarans sem M leitaði til. M telur að V beri að greiða allan kostnað vegna sjúkraþjálfunar og vísar til 1. gr.skaðabótalaga 28. og 38. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 sem og almennra reglna skaðabótaréttarins.

V viðurkennir bótaskyldu í málinu, en segir eins og M að ágreiningurinn í málinu snúist um það hvort þær bætur sem V greiði vegna sjúkrakostnaðar séu ákveðnar með hliðsjón af gjaldskrá SÍ eða skv. taxta sjúkraþjálfara M. V vísar til þess að beiðni læknis M vegna sjúkraþjálfunar hafi verið stíluð á SÍ, en sjúkraþjálfari M hafi ekki gert samning við SÍ. Í bréfi V kemur fram að félagið veiti ekki samþykki fyrir að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum fjalli um bótafjárhæðir í máli þessu og krefst þess að málinu verði vísað frá nefndinni þar sem ágreiningur í málinu sé um bótafjárhæðir.

**Álit.**

Ekki er ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðarslyssins heldur um það hver fjárhæð bóta vegna sjúkrakostnaðar í skilningi 1. gr. skaðabótalaga eigi að vera. Ágreiningurinn í málinu snýst því um bótafjárhæð og skv. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem birt er í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin ekki um slíkan ágreining nema með sérstöku samþykki beggja málsaðila. Þar sem slíkt samþykki liggur ekki fyrir er málinu vísað frá með vísan til ofangreindrar 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina.

**Niðurstaða.**

Málinu er vísað frá.

Reykjavík 9.10. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Jón Magnússon lögm.